

**162. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti
16-18,
30. júní 2020 og hófst hann kl. 08:00.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Fyrir tekið:

1. 2006294 - Deiliskipulag Smiðjuvalla - Kalmansvellir 6

Akraborg lóðamál

Ragnar Þór Gunnarsson aðstoðarframkvæmdastjóri Akra borgar gerir grein fyrir hugmyndum um athafnasvæði fyrirtækisins.

Skipulags- og umhverfisráð þakkar Ragnari Þór fyrir komuna á fundinn.

2. 2004169 - Aðalskipulagsbreyting- og deiliskipulag v. Skógarhverfis áf. 3A, og 3C, og Lækjarbotnar- lýsing.

Lögð fram fundargerð af kynningarfundi sem haldinn var 23.06.2020 þar sem drög að skipulaginu var kynnt.

3. 1908198 - Deiliskipulag Skógarhverfi - áfangi 3A og rammaskipulag.

Lögð fram fundargerð af kynningarfundi sem haldinn var 23.06.2020 þar sem drög að skipulaginu var kynnt.

4. 1906111 - Deiliskipulag Garðalundur og Lækjarbotnar - endurskoðun

Lögð fram fundargerð af kynningarfundi sem haldinn var 23.06.2020 þar sem drög að skipulaginu var kynnt.

5. 1911181 - Deiliskipulag - Garðabraut 1

Umsókn um að deiliskipulag Garðabrautar 1 verði auglýst.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að haldinn verði kynningarfundur þar sem drög að deiliskipulaginu verði kynnt.

6. 1911011 - Höfðasel 16 - viðhaldsverkefni

Lagfæring á girðingu við Höfðasel 16.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að gerður verður viðauki til að mæta auknum kostnaði vegna viðhalds á girðingu meðfram gámastöðinni við Höfðasel.

7. 2006284 - Vesturgata 130. Þakviðgerðir 2020

Opnað var tilboð í þakviðgerðir á Vesturgötu 130. Þak yfir ípróttahúsinu og lágbyggingum.

Eftirfarandi tilboð bærust:
Trésmiðjan Akur kr. 30.991.175
SF Smiðir kr. 34.203.355
GS Import ehf. kr. 26.952.300

Kostnaðaráætlun kr. 27.460.500

Skipulags- og umhverfissráð felur sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs að ganga til samninga við lögstjóðanda.

8. 1903467 - Langisandur, Guðlaug, Sólmundarhöfði - Útivistarsvæði, hönnun, skipulag og framkvæmdir

Tillaga um framkvæmd hugmyndasamkeppni vegna svæði Langsands, Guðlaugar og Sólmundarhöfða.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til að valin verði teymi til þátttöku í hugmyndasamkeppninni. Haldið verður íbúðing þar sem íbúum gefst kostur á að koma með hugmyndir um framtíðarskipulag svæðisins áður en vinna við eiginlega tillögugerð hefst hjá teyminum.

9. 1711115 - Reiðhöll á Æðarodda / Blautós - uppbygging

Minnisblað frá Mannvit um tilboð í Reiðskemmu.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til að gengið verði til samninga við lögstjóðanda.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:00.